

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um lestagjald af frakkneskum
fiskiskipum. 1860.
8. febrúar.

Í bænarskrá nokkurri, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 25. októberm. f. á., hefur frakkneskur maður, *L. Bouriaud* að nafni, sem er til veru á Grundarfirði í Snæfellsness sýslu, og er á Íslandi erindsreki verzlunarhússins *S. Allenou* í *Paimbol*, kvartað yfir, að sýslumaðurinn í Snæfellsness sýslu hafi krafð af formanni skipsins *Clementine*, sem er eign verzlunarhúss þessa, íslenzkt leiðarbréf, og bannað honum að flytja í land nokkuð af skipsfarminum fyrir en búið væri að greiða hið fulla lestagjald, sem ákveðið er með lögum 15. apríl. 1854, en það eru 2 rd. af hverju dönsku lestarúmi í skipinu.

Til styrkingar sínu máli hefur nefndur *Bouriaud* tekið það fram, að skip það, er hér ræðir um, hafi verið fiskiskúta, sem ekki hafi komið til Grundarfjarðar í neinum verzlunarerindum, heldur einungis í þeim tilgangi, að leggja nokkuð af farmi sínum upp á lóð þá, sem verzlunarhúsið á þar; hafi þessir hlutir verið ætlaðir sumpart honum sjálfum til eigin nota, og sumpart handa tveim frakkneskum klerkum, er þar séu til veru. Með því nú verzlunarhúsið þannig að eins hafi ætlað svo sem að hagnýta sér eign sína, en enganveginn ætlað að verzla með skipsfarminn, hyggur *Bouriaud*, að sýslumaður hafi haft rangt fyrir sér, er hann heimtaði íslenzkt leiðarbréf og lestagjald samkvæmt lögum 15. apríl. 1854; hefur hann því beðið um, að skip það, sem áður var nefnt, verði undan þegið að greiða lestagjald það, er krafizt hafði verið, eður þá að gjald þetta verði að minnsta kosti lækkað svo, að það samsvari lestarúmi því, er þeir hlutir fylltu í skipinu, er fluttir voru í land úr því; og til þess að geta fengið fasta reglu sér til leiðbeiningar eptirleidis, hefur hann beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um, hvort það sé ekki yfirboðara sínum heimilt, að flytja í land á Grundarfirði, upp á lóð þá, sem hann er eigandi að, sérhvað það, er snertir skip hans, eður háseta, eður það sem veidist, eður það,

1860. sem með þarf til fiskiveiðanna, t. a. m. timbur, salt, lýsi, fisk
8. febrúar. og fl., án þess hann þurfi að greiða lestagjald það, sem ákveðið er að kaupför greiði; eður að öðrum kosti, hvort þetta ekki sé leyfilegt með því móti, að greitt sé fyrir skipin það gjald, er samsvari lestarúmi því, er það, sem flutt sé í land, fylli í skipunum.

Um leið og þér nú senduð dómsmálastjórninni bænarskrá þessa, ásamt álitsskjali sýslumannsins, hafði þér, herra amtmaður, getið þess, að eptir nokkra samninga milli sýslumanns og hins frakkneska erindsreka, sé málið til bráðabyrgða þannig út kljáð, að það skyldi vera *Bouriaud* heimilt að flytja í land á Grundarfirði, án þess að greiða lestagjald, alla þá búshluti og vistir, sem til er greint á vöruskrá þeirri, er þér einnig senduð hingað, en þar á móti skyldi eigi flytja í land 26,340 „kílógröm“ af salti, er voru á vöruskránni, og skyldi það flutt út í aðrar frakkneskar fiskiskútur; hafði þér og óskað, að hinn danski sendiherra í Parísarborg, eður kaupræðismaður sá, er til þess er kjörinn, verði látinn tilkynna hlutadeigendum á Frakklandi úrskurð dómsmálastjórnarinnar í máli þessu, er þér hafði orðið áskynja um, að Frakkar, er koma á Grundarfjörð, þykist hafa mætt minni greiðvikni hjá yfirvöldum á Íslandi, en þeir mundu hafa hlotið frá stjórnarinnar hálfu, ef þeir hefðu snúið sér beint til hennar.

Um þetta efni svarar dómsmálastjórnin yður á þessa leið:
Í lögum 15. apríl. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi eru fiskiveiðarnar þar undir landi öldungis ekki nefndar, og það er ljóst, bæði af ástæðum laga þessara og umræðunum um þau á alþingi, að fiskiveiðarnar áttu að vera þeim óviðkomandi. Þessa skoðun lét og alþingi öldungis skýlaust í ljósi árið 1857, þá er málefnið um fiskiveiðar útlendra manna á Íslandi var borið undir álit þess, og skal um það skýrskota til þegnlegs álitsskjals alþingis 31. júlím. s. á.; en þar er meðal annars svo að orði kveðið (sjá Alp. t. 1857, p. 391): að þær lagaákvæðarnir, sem gefnar eru í opnu bréfi 18. ágústm. 1786 og í tilsk. 13. júním. 1787, og sem harðlega banna utanríkismonnum bæði að fiska undir landinu sjálfu, og að verka fisk

sinn á íslenzkri lóð, standa enn í fullu og óröskuðu gildi, og 1860.
 að hin seinni löggjöf um Íslenzka verzlun, bæði tilskipun 11. 8. febrúar.
 septemberm. 1816 og lög 15. apríl. 1854, hafi haldið spurn-
 ingunni um fiskiveiðar og fiskiverkun utanríkismanna fyrir utan
 verzlunarmálið, og þannig sýnt, að hvorki hafi stjórnin sjálf, né
 heldur Íslendingar álitid ráðlegt að breyta þeim ákvörðunum,
 sem löggjöfin frá 1786 og 1787 hefir þar um sett. Það er
 því næst í álitsskjalinu tekið fram, sem eindregið álit þingsins,
 að með tilliti til landsins núveranda ásigkomulags sé ekki nein
 ástæða til að breyta þeirri grundvallarreglu, sem löggjafinn hefur
 fylgt í þessu efni, eður nema það bann úr lögum, sem þannig
 liggur á útlendum þjóðum í tilliti til fiskiveiða og fiskiverkunar,
 heldur hlyti það að verða landinu til hins mesta tjóns og óhagn-
 aðar, ef það væri gjört takmarka- og skilyrðislaust.

Það virðist því ekki geta verið hinn minnsti vafi um,
 að hin eldri löggjöf um fiskiveiðar við Ísland, sem almennt
 bannar útlendum fiskimönnum að koma að landinu, eður leggja
 þar upp fisk sinn (smbr. tilsk. 13. júním. 1787, kap. I, 2. gr.),
 sé enn í gildi. Sú eina breyting, sem lög 15. apríl. 1854
 hafa gjört um þetta efni, er sú, að nú er öllum utanríkismönnum,
 og því einnig útlendum fiskiskútum, heimilt, jafnvel þó
 þeir ekki séu í nauð staddir, að koma á þær 6 hafnir, sem til
 eru teknar í 2. gr. laganna, og kaupa þar það, sem þeir með
 þurfa til nauðsynja skipa sinna; þar á móti er þeim enn bannað
 að hafast nokkuð annað að, nema þeir kaupi íslenzkt leiðarbréf.

Sèu nú þessar ákvarðanir heimfærðar upp á hina útlendu
 fiskimenn, sem koma á Grundarfjörð, þá hefði eptir ströngum
 rétti átt að vísa þeim burt, eins og það einnig er öldungis ljóst,
 af því sem nú hefur sagt verið, að þeir ekki mega flytja á
 land neitt af skipsfarmi sínum, sé það kaupeyrir eður sjávar-
 afli, nema því að eins að þeir svari hinu lögboðna lestagjaldi.
 Þareð þeir öldungis engan rétt hafa til fiskiveiða á Íslandi
 (smbr. tilsk. 13. júním. 1787, 10. gr.) getur þeim því síður
 verið heimilt að flytja þangað þá hluti, er þeir þurfa með til
 fiskiveiða, t. a. m.: timbur, salt, veiðarfæri m. fl., nema þeir

1860. fái sér íslenzkt leiðarbréf, og greiði gjald það, sem danskir og
8. febrúar. íslenzkir þegnar verða að greiða þegar eins stendur á.

Það var því full ástæða til fyrir sýslumann, er hann synjaði formanni skips þess, er hér ræðir um, að flytja á land salt það, sem nefnt er í vöruskránni, og ætlað var fiskiskútum verzlunarhússins, þeim er voru á veiðum við Ísland, nema svarað væri lestagjaldi af öllu lestarúmi skipsins.

Hvað það atríði snertir, hvort sýslumaður hafi haft rétt fyrir sér í því, er hann heimitaði lestagjald af hlutaðeiganda, áður en hinir aðrir hlutir, þeir er nefndir eru í bænarskránni, og ekki má álfta kaupeyri, væru fluttir á land, þá verður og að kveða já við því; því það mundi greiða veg augljósum undanbrögðum undan boðum verzlunarlaganna, ef slíkur flutningur úr skipum væri leyfður á Íslandi, þar sem engin tollstjórn er, og eigi verður á komið, án þess að greitt væri hið lögboðna lestagjald, sem á Íslandi að nokkru leyti kemur í staðinn fyrir toll.

Með því nú eigi heldur ákvarðanir verzlunarlaganna með nokkru móti heimila, að lestagjaldið sé lækkað að nokkru leyti, eins og beðið var um til vara í bænarskránni, verður að kveða nei við allri bæn beiðanda, og biður dómsmálastjórnin yður um, að tilkynna honum það er með þarf, eptir því, sem nú hefur verið sagt, og um leið brýna fyrir honum, að það er bannað að hafa utanríkisskip til fiskiveiða á Íslandi, og að flytja afla þeirra þar á land, og því síður megi verka fiskinn þar; ætti og að láta hann vita, að útlend fiskiskip ekki einusinni eiga rétt á, að koma á aðrar hafnir, en þær, sem nefndar eru í 2. gr. laga 15. aprílm. 1854, en komi þau í öðrum erindum (sbr. 3. gr.) hljóta þau, áður en leyft sé að flytja af skipi eður á nokkurn tollskyldan hlut, að kaupa íslenzk leiðarbréf eptir hinum almennu ákvörðunum í 4. gr. laganna, smbr. 2. gr.

Að endingu skal þess getið, að ekki hefur þótt næg ástæða til að láta hlutaðeigendur í Frakklandi beina leið þangað fá vitneskju um úrskurðinn í máli þessu; því í formllegu tilliti virðist það réttast, að amtið birti erindsreka verzlunarhússins úrskurð dómsmálastjórnarinnar um bænarskrá hans.